

**Ed.**

**158. Frumvarp til laga**

[133. mál]

um breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978.

Flm.: Helgi Seljan, Egill Jónsson, Davíð Aðalsteinsson, Ólafur Björnsson.

**1. gr.**

Við 1. málsgr. 13.1. í 13. gr. laganna bætist orðin:

Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

**2. gr.**

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, 14.12., svohljóðandi:

Nú hefur læknir unnið við heilsugæslustöð H1 í samfleytt þrjú ár, og á hann þá rétt á að hljóta eins árs leyfi með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis, enda fylgi því skuldbinding um áframhaldandi þjónustu í minnst þrjú ár við heilsugæslustöð H1.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett 1973, hafði ástandið í lækna-málum landsbyggðarinnar verið með öllu óviðunandi.

Ekki síst var það tilgangur nýrrar löggjafar að bæta hér verulega úr. Í kjölfar löggjafarinnar og mikilla framkvæmda í heilsugæslumálum úti á landi hefur mikil breyting orðið á til batnaðar og þróunin stefnir í rétta átt, til alhliða bættrar þjónustu á sviði heilsugæslu um allt land.

Enn ber þó á nokkurn skugga.

Erfiðlega hefur gengið að fá lækna að H1 stöðvunum — þeim heilsugæslu-stöðvum þar sem aðeins skal starfa einn læknir.

Hér er um stöðvar að ræða sem velflestar þjóna þeim svæðum, sem afskekktust eru eða verst í sveit sett hvað snertir samgöngur, miklar fjarlægðir eða nálægð við sjúkrahús.

Þörfin á góðri og öruggri heilsugæslu er því hvergi brýnni né meir knýjandi og því má einskis láta ófreistað til að unnt sé að fá lækna þar til starfa og til sem lengst tíma.

Ýmsar tillögur hafa verið uppi um úrbætur, ef takast mætti að laða menn fremur til starfa á þessum stöðum.

Landlæknir hefur að vonum látið þessi mál mjög til sín taka, enda brennur vandinn hvað heitast á honum, og m. a. reifaði hann á s. l. vetri ýmsar hugmyndir sínar til úrbóta í þessu efni við heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins. Þeim er nú að miklu leyti komið hér í frumvarpsform, því full ástæða er til nánari um-fjöllunar viðkomandi nefnda og þingsins í heild um þetta málefni.

Þessar hugmyndir hafa m. a. komið fram hjá læknum sem á H1 stöðvum hafa starfað og þá alveg sérstaklega hugmynd númer 1 í 1. gr. frv., sem er um leið meginatriði hugmyndanna og örugglega sú virkasta.

Greinarnar skýra sig sjálfar, en þeim er ætlað að ýta undir það, að menn fáist fremur til starfa á H1 stöðvum, þar sem aðstaða öll og álag er með öðrum hætti en þar sem fleiri koma til. Því er lagt til í 1. gr. frv., að við bætist sú heimild, að við H1 stöðvar megi ráða aðstoðarlækni hluta úr ári. Sama er að segja um þau ótvíræðu og mikilvægu hlunnindi sem lögð eru til í 2. gr., með þeirri skuldbindingu sem þar fylgir. Hvati ætti þetta að vera alveg án efa.

Landlæknir bendir einnig á nauðsyn þess að setja þau ákvæði í lög eða reglugerð, að við ráðningar í stöður heilsugæslulækna eða í stöður við heilbrigðisstofnanir ríkisins skuli starfsaldur læknis við H1 stöð teljast 5 ár fyrir hver 3 ár.

Flm. telja þetta vissulega athyglisvert, en vilja vísa þessu til enn nánari skoðunar í nefndum þingsins og með frekari skoðun ráðuneytis í huga varðandi framkvæmd þess. Sama er að segja um hugmyndir landlæknis varðandi frekari friðindi, sbr. 2. gr. þessa frumvarps.

Að þessu verður vikið nánar í framsögu.